



## Ályktað á fundi félagsstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands 23. febrúar 2017.

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands telur framkomna skýrslu og þá umræðu sem verið hefur um meðferð samfélagsins á íbúum Kópavogshælis fyrr á tímum mjög þarfa og bendir á að nauðsynlegt er að draga lærðom af slíkum mistökum. Sífellt þarf að huga að þjónustu við þá sem gera litlar kröfur fyrir sjálfa sig og eiga fáa talsmenn.

Þjónustan, aðhlynningin, umönnunin og hjúkrunin við aldraða og fatlaða á stofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé er veitt af mjög veikum mætti. Alvarleg undirmönnun hefur verið viðvarandi í áraraðir, sem komið hefur niður á allri þjónustu við þá sem oft á tíðum minnst mega sín. Einungis er boðið upp á 20-30% faglærðra starfsmanna á flestum öldrunarheimilum landsins, sem að sjálfssögu leiðir til lakari þjónustu eins og dæmin sanna.

Stjórn Sjúkraliðafélagsins hvetur stjórvöld og stjórnendur nefndra heimila til að leggja metnað í þennan rekstur og láta það ekki gerast að innan fárra ára komi fram enn ein svört skýrsla um þjónustu við þá sem minnst mega sín. Bregðumst við núna, því okkur ber skylda til að læra af mistökum forvera okkar.

Fyrir hönd stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir.  
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður



## Ályktað á fundi félagsstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands 23. febrúar 2017.

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands telur framkomna skýrslu og þá umræðu sem verið hefur um meðferð samfélagsins á íbúum Kópavogshælis fyrr á tímum mjög þarfa og bendir á að nauðsynlegt er að draga lærðom af slíkum mistökum. Sífellt þarf að huga að þjónustu við þá sem gera litlar kröfur fyrir sjálfa sig og eiga fáa talsmenn.

Þjónustan, aðhlynningin, umönnunin og hjúkrunin við aldraða og fatlaða á stofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé er veitt af mjög veikum mætti. Alvarleg undirmönnun hefur verið viðvarandi í áraraðir, sem komið hefur niður á allri þjónustu við þá sem oft á tíðum minnst mega sín. Einungis er boðið upp á 20-30% faglærðra starfsmanna á flestum öldrunarheimilum landsins, sem að sjálfssögu leiðir til lakari þjónustu eins og dæmin sanna.

Stjórn Sjúkraliðafélagsins hvetur stjórvöld og stjórnendur nefndra heimila til að leggja metnað í þennan rekstur og láta það ekki gerast að innan fárra ára komi fram enn ein svört skýrsla um þjónustu við þá sem minnst mega sín. Bregðumst við núna, því okkur ber skylda til að læra af mistökum forvera okkar.

Fyrir hönd stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir.  
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður